



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 47/2012

Ummæli fyrirvarsmanns iPhone.is um fyrirvarsmann Buy.is

I.

Erindið

Með bréfi Friðjóns B. Gunnarssonar, fyrirvarsmanns netverslunarinnar Buy.is sem rekin er af 1949 ehf., barst Neytendastofu kvörtun vegna umfjöllunar Sigurðar Þórs Helgasonar, fyrirvarsmanns netverslunarinnar iPhone.is, sem rekin er af Frameworkz ehf., um Buy.is og Friðjón á vefsvæðinu vaktin.is dagana 14.-16. mars 2012. Í bréfinu segir að kvörtunin sé lögð fram á hendur Sigurði Þór Helgasyni persónulega og sem fyrirvarsmanns iPhone.is.

Í bréfinu kemur fram að miðvikudaginn 14. mars 2012 klukkan 11:39, hafi notandinn *zobbah* stofnað spjallþráð á vefsvæðinu vaktin.is sem hafi borið heitið *Kennitöluflakk*. Á næstu dögum hafi notandinn *zobbah* viðhaft margvísleg óviðurkvæmileg ummæli um Friðjón og fyrirtæki hans, m.a.:

1. „[...]gott að þú ert búinn að viðurkenna að þú ert óheiðarlegur skattsvikari, þá er það staðfest hér með.“
2. „Kennitöluflakk er ekkert annað en þjófnaður og svik. Að segja að svikja út vörur sem þú ætlar vísvitandi aldrei að borga fyrir er SIÐLAUST. Þú ert illa siðblindur að sjá það ekki.“
3. „[...]þú ert óheiðarlegur [...] þá ert þú líklegast skattsvikari.“
4. „Með því að selja Ipadinn á 79990, þá ertu ekki að fara að borga vaskinn til ríkisins. Þú ætlar að svikjast undan því.“
5. „Þeir sem kaupa símana af þér eru flestir ómeðvitað að styðja við skattsvik og kennitöluflakk.“
6. „Það ættu náttúrulega öll fyrirtæki að vita að þú ert kennitöluflakkari sem svikur út vörur, þjónustu, borgar ekki skatta né gjöld.“
7. „[...]en ert í raun verulega óheiðarlegur. Ef þú heldur þessum svikum áfram þá ferðu sjálfur í holuna... eða fangelsið.“



Með færslu í ofangreindum spjallþræði, fimmtudaginn 15. mars, klukkan 15:40 hafi notandinn *zobbah* upplýst að hann hétu Sigurður og væri í samkeppni við fyrirtæki Friðjóns, Buy.is.

Friðjón byggir á því að sú framganga Sigurðar Þórs hjá iPhone.is að villa á sér heimildir og skrifa nið um samkeppnisaðila sinn á vefsvæðinu vaktin.is feli í sér óréttmæta viðskiptahætti skv. 5. gr., 14. gr. og 15. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem hafi verið ætlað að hafa áhrif á fjárhagslega hegðun neytenda skv. 8. gr. og 9. gr. sömu laga. Sú krafa sé gerð að Sigurði Þór og/eða iPhone.is verði ákveðin hæfileg viðurlög vegna framangreindra réttarbrotu á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindið var sent Sigurði Þór fyrirsvarsmanni netverslunarinnar iPhone.is til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 27. apríl 2012. Svar barst Neytendastofu með bréfi, dags. 21. maí 2012.

Í bréfinu segir að í kvörtuninni sé Friðjón tilgreindur fyrirsvarsmáður vefsíðunnar Buy.is. Vísað sé til Friðjóns sem kvartanda og til vefsíðunnar sem fyrirtækis hans. Sigurður Þór telur nauðsynlegt að upplýst verði undir rekstri málsins hvernig háttáð sé tengslum Friðjóns við vefsíðuna og hvernig vefsíðan sé skilgreind sem „fyrirtæki“. Að mati Sigurðar Þórs sé nauðsynlegt að fá upplýst hvaða félag standi að rekstri umræddrar vefsíðu. Sé skorað á Neytendastofu að afla gagna um þetta atriði, enda hljóti þetta að teljast skipta máli við úrlausn kvörtunarinnar auk þess sem Sigurður Þór geti trauðla brugðist efnislega við kvörtuninni fyrr en þetta atriði hafi verið upplýst. Tekið sé fram að Sigurður Þór fari að sjálfsögðu fram á að fá afrit af öllum gögnum sem aflað verði af Neytendastofu um málið.

Þess sé krafist að Neytendastofa hafni öllum sjónarmiðum og kröfum Friðjóns og fyrirtækis hans, hvaða nafni sem það fyrirtæki nefnist.

Í kvörtuninni séu tilgreind ýmis ummæli sem eignuð séu Sigurði Þór og þau sögð „óviðurkvæmileg“. Sigurður Þór hafni því að hafa látið óviðurkvæmileg ummæli falla um Friðjón og fyrirtæki hans. Sigurður Þór áskilji sér rétt til að koma að frekari sjónarmiðum þegar umbeðinna gagna hafi verið aflað en taki fram að hann standi við ummæli sín gagnvart Friðjóni og þeim félögum sem hann hafi staðið að í samkeppni við Sigurð Þór.



Af hálfu Sigurðar Þórs sé á því byggt að ummælin sem kvartað sé undan séu ekki óviðurkvæmleg í neinum skilningi þess orðs. Þau lýsi ekki skoðunum Sigurðar Þórs heldur staðreyndum eins og þær birtist í opinberum gögnum og í viðskiptaferli Friðjóns svo og fyrirtækja á hans vegum sem orðið hafi gjaldþrota með alvarlegum afleiðingum fyrir kröfuhafa þeirra félaga, ekki síst ríkissjóð. Vísi Sigurður Þór í því sambandi sérstaklega til fylgiskjala með bréfinu sem sýni svart á hvítu að Friðjón hafi farið með hvert félagið á fætur öðru í gjaldþrot á undanförunum árum sem hafi með höndum sölu á ýmsum varningi á netinu. Í því sambandi eru tilgreind nokkur félög í bréfinu sem Friðjón hefur verið í forsvari fyrir.

Máli sínu til stuðnings bendi Sigurður Þór einnig á að ummæli hans séu í öllum aðalatriðum í samræmi við skrifleg ummæli Friðjóns sjálfs sem hann hafi ritað inn á vaktin.is þann 16. mars 2012. Eins og þar megi glögglega sjá viðurkenni hann þar m.a. að vera „kennitöluflakkari“, að hann telji „löglegt að gera slíkt“ og „ekki einu sinni siðlaust“, og að hann hafi „líklega kostað ríkið einhverja peninga í gegnum tíðina“.

Þá sé bent á að Friðjón hafi sjálfur viðhaft ummæli af líkum toga um Sigurð Þór og starfsemi hans, sbr. fylgiskjal með bréfinu.

Einnig skuli tekið fram að á spjallsíðum sé það viðtekin venja að menn skrifi undir notendanafni. Sigurður Þór sé vel að sér á sviði upplýsingatækni og þekki vel til þess að auðvelt sé að nálgast upplýsingar um það hver standi að baki slíkum nöfnum með einfaldri google leit. Því sé fráleitt að halda því fram að fyrir honum hafi vakað að villa á sér heimildir, enda væru þá allir notendur síðunnar að villa á sér heimildir.

Lögð sé rík áhersla á að upplýsingar af því tagi sem Sigurður Þór hafi komið á framfæri við lesendur umræddrar vefsíðu geti samkvæmt eðli málsins og forsögunni ekki flokkast sem óréttmætir viðskiptahættir. Með vísan til þeirra gagna sem fylgi bréfinu sæti raunar furðu að Friðjón og fyrirtæki hans leyfi sér þá óskammfeilni að væna Sigurð Þór um réttarbrot fyrir það eitt að benda á þyrnum stráðan feril Friðjóns og þeirra félaga sem hann hafi staðið að á því sviði sem hér um ræði.

Sigurður Þór standi við þær athugasemdir sem hann hafi gert við verðlagningu og rekstur Friðjóns. Einföld samlagning á innkaupsverðum sýni að verðlagning Friðjóns standist ekki til langframa. Buy.is selji t.d. Mini Mac á 99.990 kr. en sama vara kosti 599 dollara fyrir utan söluskatt í Bandaríkjunum. Þar sem Buy.is kaupi ekki inn í magni væri aldrei um neinn afslátt að ræða. Þeir sem panti inn í magni (100 stykki eða meira) fái 1-5% afslátt frá Apple í Bandaríkjunum. Ekki geti verið um slíkt að ræða í tilviki Buy.is þar sem eitt og eitt stykki sé keypt inn í einu, en buy.is haldi ekki lager heldur sérpanti inn til Íslands. Þá sé kostnaður við flutning hingað til lands og vörugjöld samtals 3.000 kr. Þá kosti varan í innkaupum 99.997 kr. en



sé seld á 99.990 kr. hjá Buy.is. Inn í þetta hafi ekki verið reiknaður söluskattur í Bandaríkjunum sem sé 3-12%, breytilegur eftir ríkjum.

Með vísan til alls framanritaðs vísi Sigurður Þór kvörtuninni á bug og ítreki gerðar kröfur.

2.

Bréf Sigurðar Þórs, dags. 21. maí 2012, var sent Friðjóni til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 4. júní 2012. Í bréfinu var athygli aðila máls vakin á að Neytendastofa hefði við meðferð málsins aflað viðeigandi gagna um þjónustuveitendur þeirra vefsíða sem vísað sé til í bréfum aðila og þeim kynnt efni gagnanna.

Svar Friðjóns barst með bréfi, dags. 13. júní 2012. Í bréfinu kemur fram að tengsl Friðjóns við netverslunina Buy.is og einkahlutafélagið sem reki verslunina séu augljós og hafi Neytendastofa aflað gagna þess efnis. Friðjón sé stjórnarmaður og framkvæmdastjóri 1949 ehf., sem sé rekstraraðili netverslunarinnar og rétthafi lénsins buy.is. Að öðru leyti sé vísað til sjónarmiða sem fram komi í upphaflegri kvörtun.

3.

Bréf Friðjóns B, dags. 13. júní 2012 var sent Sigurði Þór til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 19. júní 2012. Ekkert svar barst stofnuninni.

4.

Með bréfi dags. 2. júlí 2012 tilkynnti Neytendastofa aðilum málsins að gagnaöflun í málinu væri lokið.

5.

Með bréfi Neytendastofu til iPhone.is, dags. 11. september 2012, var Sigurði Þór og iPhone.is gefinn lokafrestur í tíu daga til að koma að frekari gögnum í málinu. Í bréfinu var vísað til þess að eftir að gagnaöflun í málinu hafi verið lýst lokinni hafi Sigurður Þór ætlað að leggja fram frekari gögn til staðfestingar hinum umkvörтуðu ummælum. Starfsmaður Neytendastofu hafi óskað sérstaklega eftir því að samhliða gögnunum yrðu gefnar nánari skýringar á þeim með bréfi. Þær hafi ekki borist. Við sama tilefni hafi Sigurður Þór jafnframt tilkynnt Neytendastofu að honum hafi verið stefnt fyrir dóm fyrir ummælin.

Í bréfinu kemur fram að í samtali starfsmanns Neytendastofu við lögmann Friðjóns og Buy.is hafi komið fram að um meiðyrðamál væri að ræða sem ekki hefði áhrif á mál það sem til meðferðar væri hjá Neytendastofu. Neytendastofa muni því taka ákvörðun í málinu.



Að lokum segir í bréfinu að við vinnslu ákvörðunar hafi komið í ljós að Neytendastofa telji ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 einnig geta átt við um erindið.

6.

Svar barst með bréfi, dags. 4. október 2012, þar sem segir að undir rekstri málsins hjá Neytendastofu hafi Friðjón höfðað meiðyrðamál á hendur Sigurði Þór fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Greinargerð Sigurðar hafi verið lögð fram fyrir dómstólnum, fylgi hún með bréfinu. Jafnframt sé mótmælt sem rangri fullyrðingu um að meiðyrðamálið hafi ekki áhrif á meðferð og niðurstöðu í málinu hjá Neytendastofu, en einsætt sé að sakarefni sé hið sama í báðum málum.

Um varnir fyrir Neytendastofu var vísað til bréfs frá 21. maí 2012 ásamt fylgiskjölum, sem og greinargerðar í meiðyrðamáli ásamt fylgiskjölum. Að auki sé því sérstaklega mótmælt að Sigurður Þór hafi gerst brotlegur við nokkurt þeirra ákvæða laga nr. 57/2005 sem kærufnið lúti að. Því sé einnig mótmælt að persónuleg tjáskipti milli Friðjóns og Sigurðar Þórs á lokuðum spjallþræði á vefsíðunni vaktin.is geti falið í sér óréttmæta viðskiptahætti.

Sigurður Þór veki sérstaka athygli Neytendastofu á svæsinni auglýsingu, sem birtist á Facebook síðu Buy.is þann 9. mars 2012, og varð kveikja hinna persónulegu orðasennu sem til umfjöllunar sé. Sigurður Þór telji Buy.is brjóta gróflega gegn ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 með auglýsingunni. Að sama skapi sé hulin ráðgáta hvernig Sigurður Þór eigi að hafa brotið gegn því ákvæði eða öðrum ákvæðum laga nr. 57/2005 með hinu persónulega rifrildi við Friðjón á lokuðum spjallþræði. Treysti Sigurður Þór því að Neytendastofa verði á sama máli að loknum lestri allra málsskjala. Álögð stjórnvaldssekt komi því ekki til álita í málinu.

Með hliðsjón af framansögðu krefjist Sigurður Þór þess að málið verði fellt niður en annars að synjað verði um kröfur Friðjóns. Að öðrum kosti verði meðferð málsins frestað, sbr. heimildarákvæði 3. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005, uns dómur liggja fyrir í meiðyrðamálinu.

7.

Bréf Sigurðar Þórs var sent Friðjóni til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 15. október 2012, og sérstaklega óskað eftir afstöðu til þess að meðferð málsins verði frestað þar til dómur liggja fyrir í meiðyrðamálinu. Í bréfinu var einnig vísað til athugasemda yfir auglýsingu á Facebook síðu Buy.is og gerð grein fyrir því að sú kvörtun yrði ekki tekin til meðferðar í máli þessu. Svar barst með bréfi, dags. 17. október 2012, sem einnig var sent Sigurði Þór. Í bréfinu er áréttað að um tvö aðskilin og sjálfstæð sakarefni sé að ræða. Annars vegar ærumeiðandi ummæli Sigurðar Þórs í garð Friðjóns. Hins vegar óréttmæta viðskiptahætti iPhone.is í garð Buy.is. Hér sé því augljóslega um tvö aðskilin sakarefni að ræða. Í því sambandi breyti engu þó að bæði sakarefni eigi rætur sínar að rekja til sama atburðar eða atviks.



Þess sé krafist að þeim kröfum, sem fram komi í niðurlagi bréfs Sigurðar Þórs um niðurfellingu eða frestun á málsmeðferð uns dómur gangi í málinu, verði hafnað og Neytendastofa taki kvörtunina nú þegar til ákvörðunar.

Með tölvubréfi, dags. 22. október 2012, bárust Neytendastofu athugasemdir við bréf Friðjóns þar sem ítrekaðar eru fyrri kröfur og fyrri rök.

8.

Með bréfi Neytendastofu til Sigurðar Þórs, dags. 31. október 2012, gerði stofnunin grein fyrir þeirri afstöðu sinni að ekki hafi komið fram fullnægjandi rök í málinu til þess að það verði fellt niður án ákvörðunar. Þá hafi stofnunin tekið ákvörðun um að fresta ekki meðferð þess þar til dómur í meiðyrðamáli liggja fyrir. Skoðun Neytendastofu á málinu beinist að því hvort viðhafðir hafi verið óréttmætir viðskiptahættir sem áhrif hafi á fjárhagslega hagsmuni neytenda eða séu ósanngjarnir gagnvart keppinaut á markaði. Í því felist ekki mat á því hvort ummælin teljist ærumeiðandi.

Í bréfinu var vakin athygli á því að ákvörðunin yrði kæránleg til áfrýjunarnefndar neytendamála, skv. 4. gr. laga nr. 62/2005, um neytendastofu og talsmann neytenda, þegar efnislega niðurstaða málsins liggja fyrir, sbr. 2.mgr. 26. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

III.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kvartar Friðjón B. Gunnarsson, eigandi 1949 ehf. sem rekur netverslunina Buy.is, yfir ummælum Sigurðar Þórs Helgasonar, fyrirsvarsmanns iPhone.is, sem rekin er af Frameworkz ehf., um Friðjón og félög tengd honum á spjallþræði vefsíðunnar vaktin.is. Snýr kvörtunin bæði að Sigurði Þór persónulega sem og sem fyrirsvarsmanni iPhone.is. Telur Friðjón ummælin hafa verið viðhöfð af keppinaut, þau séu óviðurkvæmleg og brjóti í bága við góða viðskiptahætti samkvæmt 5. gr., 8. gr., 9. gr., 14. gr. og 15. gr. laga nr. 57/2005. Í bréfi Neytendastofu, dags. 11. september 2012, kom fram að stofnunin teldi ákvæði 2. mgr. 6. gr. sömu laga einnig geta komið til álita.

Sigurður Þór segir ummælin lýsa staðreyndum og þau séu í öllum aðalatriðum í samræmi við ummæli Friðjóns sjálfs á vefsíðunni. Þá sé um að ræða persónuleg tjáskipti sem ekki tengist



atvinnurekstri og sett hafi verið fram á lokuðu spjallsvæði á Internetinu. Því geti ekki verið um óréttmæta viðskiptahætti að ræða.

2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 kemur fram að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Bannið gildi áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 2. mgr. 6. gr. segir:

„Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“

Í greinargerð með frumvarpi þar sem ákvæðið kom fyrst fram segir um það að upplýsingar sem fram komi í auglýsingum eða öðrum viðskiptaaðferðum geti talist brot á ákvæðinu enda þótt þær séu efnislega réttar og sannar.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 er svohljóðandi:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. laganna er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir séu líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við og í f. lið segir að átt sé við rangar upplýsingar um:

„réttindi, hæfni eða annað sem varðar aðstæður söluaðila eða fulltrúa hans, stöðu hans á markaði, skyldur, vörumerki og önnur hugverkaréttindi“



14. gr. laganna hljóðar svo:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar gagnvart keppinautum, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.“

Lagagreinin felur í sér vernd á hagsmunum keppinauta vegna háttsemi fyrirtækja í atvinnurekstri.

Í a og e. liðum 2. mgr. 15. gr. segir:

„Samanburðarauglýsingar skulu, að því er samanburð varðar, leyfðar að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- a. þær séu ekki villandi, ...*
- e. ekki sé kastað rýrð á vörumerki, vöruheiti, önnur auðkenni, vöru, þjónustu, starfsemi eða aðstæður keppinautar, eða þeim sýnd lítilsvirðing“*

Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. eru samanburðarauglýsingar allar auglýsingar þar sem með beinum eða óbeinum hætti er vísað til keppinauta eða vöru eða þjónustu sem keppinautur býður. Hugtakið samanburðarauglýsing er skýrt rúmt svo allar tegundir samanburðar heyri þar undir auk þess sem í 4. mgr. lagagreinarinnar segi að ákvæðið eigi einnig við um aðrar svipaðar viðskiptaaðferðir en auglýsingar.

3.

Hlutverk vefsíðunnar vaktin.is, þar sem hin umkvörtnuðu ummæli voru birt, er fyrst og fremst að auðvelda neytendum að bera saman verð og gæði tölvubúnaðar. Á vefsíðunni er einnig spjallborð þar sem skráðir notendur hennar geta sent inn spjallþræði um ýmis málefni og geta aðrir notendur svarað þeim. Til þess að geta sent inn spjallþráð eða til þess að svara spjallþræði þurfa einstaklingar að vera skráðir notendur en síðan er þó opin öllum til aflestrar.

Sigurður Þór stofnaði spjallþráðinn undir óþekktanlegu notendanafni í þeim tilgangi að vekja athygli á að rekstur Buy.is hafi reglulega skipt um kennitölu. Neytendastofu virðist sem spjallþráðurinn hafa verið stofnaður í þeim eina tilgangi að kasta rýrð á Buy.is.

Neytendastofa telur að miða verði við að ummæli Sigurðar Þórs, sem um er deilt í málinu, hafi verið sett fram vegna rekstrar hans í samkeppni við Buy.is. Í bréfum Sigurðar Þórs á spjallþræðinum er til þess vísað að kennitöluflakk skekki mjög samkeppnisstöðuna auk þess sem



vísað er til samkeppnisstöðu þeirra. Neytendastofa telur þetta benda til að ummælin hafi verið sett fram í samkeppnislegum tilgangi.

Hin umkvörtuðu ummæli fela ekki í sér fullyrðingar um vörur eða þjónustu Buy.is eða kynningu á vörum eða þjónustu iPhone.is. Þegar litið er til þess samhengis sem ummælin eru sett fram í telur Neytendastofa ummælin ekki vera til þess fallin að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda, sbr. 8. gr. laga nr. 57/2005. Þá er ekki um samanburðarauglýsingu eða svipaða viðskiptaaðferð að ræða. Ákvæði 15. gr. laga nr. 57/2005 koma því ekki til álitu í máli þessu.

Með lögum nr. 57/2005 er ekki komið í veg fyrir að fyrirtæki tjái sig um keppinauta sína eða viðskiptahætti þeirra en í lögnum eru þó settar ákveðnar skorður við því að slíkt sé ekki gert með ósanngjörnum hætti eða þannig að vegið sé að keppinauti, vöru eða þjónustu sem keppinautur býður.

Í bréfi sínu til Neytendastofu bendir Sigurður Þór á að með ummælunum hafi hann lýst staðreyndum um rekstrarsögu verslunarinnar Buy.is og hafa verið lögð fram ýmis gögn í málinu því til stuðnings. Neytendastofa álitur að jafnvel þótt lögð hafi verið fram gögn um rekstrarsögu þeirra félaga sem staðið hafa að netversluninni Buy.is verði ekki framhjá því litið að mörg ummælanna fela í sér staðhæfingar sem geta að mati Neytendastofu ekki talist hlutlausar upplýsingar heldur er þar vegið að keppinauti sem og fyrirsvarsmanni hans með ósanngjörnum hætti. Líta verður til þess samhengis að ummælin birtust á vefsíðu sem ætlað er að auðvelda neytendum að bera saman verð og gæði tölvubúnaðar. Neytendastofa telur hin umkvörtuðu ummæli ósanngjörn gagnvart Buy.is og til þess fallin að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti og þar með einnig eftirspurn eftir þjónustu Buy.is.

Að ofangreindu virtu er það mat Neytendastofu að með birtingu ummælanna hafi Sigurður Þór beitt aðferð sem sé andstæð góðum viðskiptaháttum í skilningi 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 14. gr. laga nr. 57/2005.

4.

Af hálfu Friðjóns og Buy.is var farið fram á að lögð yrði stjórnvaldssekt á Sigurð Þór og/eða iPhone.is. Neytendastofa telur, eins og málum er hér háttað og að teknu tillit til brotsins og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga, ekki ástæðu til að nýta sektarheimildir laganna vegna brotsins.



IV.

Ákvörðunarorð:

„Sigurður Þór Helgason, fyrirsvarsaður netverslunarinnar iPhone.is, sem rekin er af Frameworkz ehf., hefur brotið gegn ákvæðum 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 14. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, með birtingu eftirtalinna ummæla á vefsíðunni vaktin.is um Friðjón B. Gunnarsson fyrirsvarsmann netverslunarinnar Buy.is:

- „[...]gott að þú ert búinn að viðurkenna að þú ert óheiðarlegur skattsvikari, þá er það staðfest hér með.“
- „Að segja að svíkja út vörur sem þú ætlar vísitandi aldrei að borga fyrir er SIÐLAUST. Þú ert illa siðblindur að sjá það ekki.“
- „[...]þú ert óheiðarlegur [...] þá ert þú líklegast stórfelldur skattsvikari.“
- „Með því að selja Ipadinn á 79990, þá ertu ekki að fara að borga vaskinn til ríkisins, þú ætlar að svíkjast undan því.“
- „Þeir sem kaupa símana af þér eru flestir ómeðvitað að styðja við skattsvik og kennitöluflakk.“
- „Það ættu náttúrulega öll fyrirtæki að vita að þú ert kennitöluflakkari sem svíkur út vörur, þjónustu, borgar ekki skatta né gjöld.“
- „[...]en ert í raun verulega óheiðarlegur. Ef þú heldur þessum svikum áfram þá ferðu sjálfur í holuna... eða fangelsið.“

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Sigurði Þór Helgasyni bannað að viðhafa framangreinda viðskiptahætti í framtíðinni. Bannið tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar. Verði ekki farið að banninu má búast við að tekin verði ákvörðun um viðurlög á grundvelli IX. kafla laganna.“

Neytendastofa, 28. nóvember 2012

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir